

1869.

7. oktbr.

84. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu, um verzlun lausakaupmanna.

Í skjali nokkru, er hingað hefir borizt beina leið og fylgir í eptirriti með bréfi þessu, hefir C. D. Tulinius, kaupmaður á Eskifirði, beiðzt vísbendingar frá dómsmálastjórninni um, hvort að eigi að reikna fjögurra vikna tíma þann, sem 3. grein í lögum 15. aprílmán. 1854 um siglingar og verzlun á Íslandi, smbr. 10. grein í opnu bréfi 28. desembermán. 1836 um hina íslenzku verzlun og siglingar, mælir fyrir um, að lausakaupmönnum sé leyfilegt að verzla við landsmenn af skipi — þannig, að lausakaupmenn megi ekki liggja lengur en 4 vikur við sama kauptún, hvort sem þeir reka kaupskap eður ekki, eða þeir megi liggja við sama kauptún án nokkurrar takmörkunar, lívað tímalengdina snertir, ef að þeir að eins verzla ekki lengur en 4 vikur við landsbúa, og, ef svo er, hvort yfirvöldin eigi þá að hafa umsjón með því.

Um þetta skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörði það, að það er álit dómsmálastjórnarinnar, að ákvörðunin, sem getið er um að framan, í lögnum 15. aprílmán. 1854, hafi gjört þá breytingu á hinum fyrri reglum um þann tíma, er lausakaupmenn mega liggja um kyrt, að lausakaupmönnum nú sé frjálst að liggja við sama kauptúnið eins lengi og þeir vilja sjálfir, en að það sé einungis réttur þeirra að verzla við landsbúa, sem er bundinn við fjögurra vikna tíma. Annars er það vitaskuld, að það er skylda yfirvaldanna að sjá um, að verzlunarlögunum sé hlýðt eins í þessu efni eins og að öðru leyti.

27. oktbr.

85. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi, um skýrslur um skipreika og skipasölu.

.
